

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa 30. september 2025

162. tbl. 23. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is

Efnisyfirlit

■ Samráð	2
■ Vaxtarmörk	8
■ Skátar	8
■ Fossvogsbrú	10



Pílufélag Kópavogs/2



Bjarnhólastígur er gata ársins /4



Skátar í Kópum gengu fyrir nýjum tjöldum /8

TÓNLEIKAR /4

Guðrún Gunnars í Salnum 9. október

Ein ástsælsta söngkona þjóðarinnar, Guðrún Gunnarsdóttir, verður með tónleika í Salnum 9. október. Þar kemur hún fram ásamt 6 manna hljómsveit sem Ásgeir Ásgeirsson, gítarleikari og fyrrverandi bæjarlistamaður Kópavogs stjórnar. Guðrún ætlar að flytja lög eftir skandinavísk söngvaskáld sem sjaldan heyrast hér á landi en önnur lög eru þekktari og hafa verið þýdd yfir á íslensku af Aðalsteini Ásberg rithöfundu og ljóðskáldi.



Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bali: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af öllum innviðum. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Pírk: 30% afsláttur af öllum vörum nema innviðum. Z. brattir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætisáðgangi og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölu.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is



ALÚÐ
VIRÐING

TRAUST
REYNSLA

Útfararþjónusta í þrjá áratugi

Sólarhringsþjónusta
581-3300
utforin@utforin.is
utforin.is

Við komum til aðstandenda
og ræðum skipulag sé
þess óskað.



Sverrir
Einarsson
8968242



Jóhanna
Eiríksdóttir
8968242



Andrés
James
6625339

Samstarfsaðilar:

Útfararstofa Hafnarfjarðar
s. 565-5892

Útfararstofa Garðabæjar
s. 565-0210



GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI



RÉTTUM OG SPRAUTUM ALLAR GERÐIR BÍLA

Smíðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is



BÓKAÐU TÍMA

ALMENNAR VIÐGERÐIR
BILANAGREIÐING
SMURÞJÓNUSTA
TÍMAREIMASKIPTI
VÉLAR, GÍRKASSAR & SJÁLFSKIPTING



564 1180

BILVOGUR@BILVOGUR.IS

AUÐBREKKA 17 • 200 KÓPAVOGI

BÍLVÖGUR
BILVOGUR.IS



Sérhæfum okkur í réttingum,
plastviðgerðum og málun
á öllum gerðum bifreiða

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag,
einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt
réttingarverkstæði.

Varmi

Við réttum og sprautum

Auðbrekku 14 Kópavogi • S. 564 2141

www.varmiehf.is



★★★★★
Kjötþúð
í Kópavogi

Gæði á góðu verði

KJÖTVINNSLA



KJÖTHÚSIÐ
Kjötvinnsla

Smíðjuvegur 24-26 (rauð gata) • 200 Kópavogi • sími: 557 8833
kjothusid@kjothusid.is • www.kjothusid.is



ÍÞRÓTTIR

Pílufélag Kópavogs

Pílfélag Kópavogs(PFK) spilaði í Íslandsmóti Félagsliða 30-31. ágúst. Lið PFK spilaði mjög vel og endaði í 4 sæti. Spilað var í tvímenningi, einnmenningi og í liða-keppni. Leikmenn PFK voru Ásgrímur Harðarson, Elís Rúnar Elísson, Gunnlaugur Már Pétursson, Haraldur Birgisson, Kári Vagn Birkisson, Kolbeinn Gestur Guðgeirsson, Pétur Grétarsson og Sævar Þór Sævarsson

Mjög öflugt barna og unglinga-
starf er í Íþróttahúsi Digranes og eru
þeir með opin kvöld og fullt af mótum
fyrir alla.

Helstu mótin eru: Shot deildin, Scolia mót, Barna og unglingamót pingpong.is.

Heimasíða Pílufélag Kópavogs er pfl.is einnig eru þeir á instagram, facebook og tiktok.

Félag	Stig	Sati
PG	Þúlfélag Grindavíkur	183
RA	Þúlfélag Reykjavíkur	112
PR	Þúlfélag Reykjaneshöfna	103
PEK	Þúlfélag Kópavogs	44
PEB	Þúlfélag Skarlagrims	35
RYA	Þúlfélag Akureyrri	32
RYM	Þúlfélag Hafnarfjarðar	30
SAP	Þúlfélag Snæka og Pól	28
PR	Þúlfélag Þórs	26
PRB	Þúlfélag Skagafjarðar	23
PRB	Þúlfélag Selfoss	12
PO	Þúlfélag Dalvíkur	7



ÞJÓNUSTA

Samráð við íbúa um betri og skilvirkari þjónustu

Iþúasamráð um innleiðingu gervigreindar og stafrænna lausna í þjónustu við íbúa er hafið hjá Kópavogsbæ. Íbúar eru hvattir til að taka virkan þátt og koma með hugmyndir að því hvernig tæknin geti bætt, einfaldað og gert þjónustu bæjarins skilvirkari.

„Við viljum nýta kraftinn sem býr í samfélaginu okkar og fá innsýn frá íbúum sem þekkja bæinn best. Gervigreind og stafræn þróun bjóða upp á ótal möguleika til að bæta þjónustu og gera hana aðgengilegri,“ segir Asdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri. „Þetta íbúasamráð er einstakt tækifæri til að móta framtíðina saman.“

Framkvæmdin er hluti af stærra umbótaverkefni sem Skrifstofa umbóta og þróunar leiðir. Nú þegar hefur Kópavogsbær innleitt staf-

rænt bókunarkerfi fyrir símatíma og fundi hjá lykilstofnunum bæjarins, sem sparar allt að 715 klukkustundir á ári í biðtíma.

Gáttin til að skila inn hugmynd um er opin frá 16. september til 7. október 2025 og er aðgengileg á samráðsvef Betra Íslands sem Kópavogur hefur nýtt í ýmis samráðsverkefni.

Allar hugmyndir verða metnar af starfsfólki og teknar til skoðunar með það að markmiði að nýta þær í þróun nýrra lausna. Hugmyndir sem ekki tengjast beint verkefninu verða varðveittar í hugmyndabanka.

Nánar:

<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/ibuasamrad/stafræn-thjonustuveiting>.



FRÍFORM
2000 – 2025

Askalind 3
201 Kópavogur
Friform.is

Fríform 25 ára

**Bjóðum 25% afslátt af
öllum Nettoline innréttingum
út október.**

Virka daga
10-17
Laugardaga
11-15

LEGSTEINAR

EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI



Opið: 11-16
alla virka daga
Verið velkomin

Bergsteinar

legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



*Útfararþjónusta
í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | **utfor.is**

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN


KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

Kópavogsblaðið slf, kt: 620513-1800

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is
Hönnun: Guðmundur Árnason
Netfang: kopavogsbladid.gummi@gmail.com
Prentun: Landsprent.




Þú þekkir Kópavog best!

**Við viljum spara þér sporin og auðvelda aðgengi að þjónustu.
Hvernig gerum við það með aðstoð tækninnar?**

Kópavogsbær leitar til íbúa um það sem betur má fara í stafrænni þjónustu bæjarins. Hvað mætti gera betur, einfalda eða bæta fyrir þig og þína? Við óskum eftir tillögum í samráðsgátt bæjarins sem metnar verða með tilliti til stafrænna lausna.

- Minna skutl og útprentanir?
- Engir óþarfa milliliðir?
- Þægileg sjálfsafgreiðsla?

Taktu þátt og sendu inn tillögur fyrir 17. október 2025.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Það skiptir máli að velja rétta fatnaðinn

Vinnuföt

Bæjarlind 1-3 | 201 Kópavogur | Sími: 544 5250
Fax: 544 5251 | vinnufot@vinnufot.is



35 ÁRA REYNSLA

LENTIR ÞÚ Í TJÓNI?

VIÐ ÞJÓNUSTUM ÖLL TRYGGINGAFÉLÖG

 **Bílastjarnan**
SPRAUTUN RÉTTINGAR
KLETTÁLS 1A | 110 RVK | S: 547 8466
WWW.BILASTJARNAN.IS



Lakkskemman
Bílamálun + Réttingar

Skemmuvegi 30, 200 Kópavogi,
sími: 557 4540, www.lakkskemman.is



.....
GATA ÁRSINS

Bjarnhólastígur er gata ársins

Bjarnhólastígur er gata ársins 2025 í Kópavogi og er þar með 31. gatan í Kópavogi sem hlýtur nafnbótina.

Af því tilefni ávarpaði Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi íbúa götunnar og afhjúpaði viðurkenningarskilti sem sett hefur verið upp í götunni. Bæjarstjórn Kópavogs velur götu ársins og mættu fulltrúar hennar til stundarinnar sem fram fór í góðu veðri.

Venju samkvæmt var gróðursett tré í götu ársins og varð garðalind fyrir valinu að þessu sinni. Börn úr götunni gróðursettu tréð með liðsinni bæjarstjóra og Friðriks Baldurssonar, garðyrkjustjóra.

Um Bjarnhólastíg

Falleg götumynd þar sem nýtt og gamalt mætist einkennir Bjarnhólastíg sem er græn og gróin gata með vel við höldnum húsum. Gatan er barnvæn og örugg, og íbúarnir mynda samhent samfélag þar sem samskipti, hjálpssemi og samverustundir eru hluti af daglegu lífi. Kynslóðaskipti hafa fært götunni nýtt líf, þar sem yngri fjölskyldur hafa sest að og lífgað upp á mannlífið.

Bjarnhólastígur ber með sér sögu og þróun Kópavogs. Flest hús við Bjarnhólastíg voru reist á sjötta áratug síðustu aldar, í kjölfar fyrstu skipulagsvinnu á svæðinu sem hófst árið 1948. Nafn götunnar er dregið af sumarbústað sem stóð vestan við Víghól áður en byggðin tók á sig núverandi



mynd. Uppbyggingin á Digranesi markaði upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi og er Bjarnhólastígur hluti af þeirri sögu.

Á lóðinni milli Bjarnhólastígs 3 og 9 er í dag opið leiksvæði, en á sjöunda áratugnum og fram til aldamóta var þar starfræktur gæsluvöllur. Völlurinn var mikilvægur samkomustaður barna og fjölskyldna í hverfinu og

hefur gegnt lykilhlutverki í félagslífi götunnar í gegnum tíðina.

Leikskólinn Kópahvoll er staðsettur við Bjarnhólastíg 26, á hæð rétt við Víghól, friðað náttúrusvæði í grónu og rólegu hverfi í austurhluta Kópavogs. Skólinn var opnaður 1970 og markaði tímamót í sögu bæjarins sem fyrsti leikskólinn í Kópavogi sem byggður var sérstaklega sem slíkur.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Elis Rúnarsson



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



GUÐRÚN GUNNARS
SKANDINAVIA

SALURINN KÓPAVOGI
09.10.2025

ÁSAMT 7 MANNA HLJÓMSVEIT UNDIR
STJÓRN ÁSGEIRS ÁSGEIRSSONAR

MIÐASALA Á SALURINN.IS OG TIX.IS



.....

LÝÐRÆÐISVITUND

Vel heppnaður kaffihúsafundur barna og bæjarstjórnar Kópavogs

Kópavogsbær stóð fyrir sínum fyrsta kaffihúsafundi barna með bæjarstjórn Kópavogs föstudaginn 12. september. Fundurinn er liður í því að efla lýðræðislega þátttöku barna og ungmenna og tryggja að sjónarmið þeirra fái raunverulegt vægi í stefnumótun sveitarfélagsins.

Mikil ánægja var með fundinn og miklar og málefnalegar umræður. Fyrirkomulagið var þannig að tveir bæjarfulltrúar sátu við hvert borð og ræddu við börnin um þær tillögur sem þau kynntu bæjarstjórn í vor. Börnin kusu svo með rafrænum þætti fimm tillögur sem þeim þykir mikilvægast að bæjarstjórn taki til skoðunar.

Tillögurnar sem börnin mátu mikilvægastar voru:

- Frítt í strætó fyrir öll börn í Kópavogi
- Halda hátíð/viðburð eins og Skrekk
- Fartölvur á unglingastig grunnskólanna
- Hækka frístundastyrk Kópavogs
- Fleiri opnanir í félagsmiðstöðvum (fleiri kvöldopnanir og auka miðstigsstarf)

Boðið var upp á veitingar, kakó og kaffi á fundinum. Í lok fundar skrifuðu bæði börn og bæjarfulltrúar undir staðfestingu á samtali og samvinnu um forgangsroðun tillagna.

Kópavogsbær er Barnvænt sveitarfélag og leggur áherslu á að

börnin í bænum taki virkan þátt í mótun samfélagsins.

Funduðu í vor

Fulltrúar barna í Kópavogi og ungmennaráð funduðu með bæjarstjórn Kópavogs síðastliðið vor og kynntu tíu tillögur fyrir bæjarstjórninni. Á kaffihúsafundinum voru níu tillögur ræddar, þar sem þegar hefur verið ákveðið að framkvæma eina tillöguna, sem var meira samræmi í einkunnagjöf grunnskóla Kópavogs.

Tillögurnar tíu:

- Göt í stundatöflu í byrjun og lok dags
- Morgunmatur í boði í öllum skólum í Kópavogi
- Meira samræmi í einkunnagjöf í grunnskólum Kópavogs
- Fjölgja íþróttatímum eða lengja þá
- Fartölvur á unglingastig í grunnskóla
- Fleiri opnanir í félagsmiðstöðvum (fleiri kvöldopnanir og auka miðstigsstarf)
- Halda hátíð/hæfileikakeppni í Kópavogi
- Ísbúð á Kársnesi
- Frítt í Strætó fyrir öll börn í Kópavogs
- Hækka frístundastyrk Kópavogs
- Tryggja að íþróttafélög og tómstundastarf taki meðvitað á móti fjölbreyttum hópum, t.d. með því að efla aðstöðu, fataskipti, þjálfun og fræðslu



.....

TÓNLEIKAR

Guðrún Gunnars í Salnum 9. október

Guðrún Gunnars, söngkona.

Guðrún Gunnars söngkona verður með tónleika í Salnum þann 9.október ásamt einvala liði, 6 manna hljómsveit undir stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar gítarleikara og fyrrverandi bæjarlistamanni Kópavogs. Hópurinn flutti lög eftir skandinavísk söngvaskáld, lög sem sjaldan heyrast hér á landi en önnur eru þekktari og hafa verið þýdd yfir á íslensku af Aðalsteini Ásberg rithöfundi og ljóðskáldi.

Textarnir eru allir eftir Aðalstein Ásberg en hann fagnaði einmitt sjötugsafmæli nú í júlí og var sæmdur heiðursmerki STEFS.

Lögin eru sum hver af sólóplötum

Guðrúnar en þjóðlaga og vísnatónlist hefur alltaf staðið hjarta söngkonunnar nærri eins og heyra má á þeim 6 sólóplötum sem komið hafa út með henni. Á tónleikunum verða frumfluttir nokkrir textar eftir Aðalstein, sem voru sérstaklega samdir fyrir þessa tónleika.

Þessi tónlist er í sérstökum gæðaflokki enda lög eftir marga af fremstu söngvaskáldum Skandinavíu og hlustendum er boðið, með Guðrúnu og hljómsveitinni, í vísna- og þjóðlagaferðalag um Skandinavíu með Cornelis Vreeswijk, norsku Bremnes-systkinunum, Kari, Ola og Lars, hinni

dönsku Piu Raug og hinni finnsku Erna Tauro, svo einhverjir séu nefndir.

Hljómsveitina skipa:

- Ásgeir Ásgeirsson gítar og hljómsveitarstjórn
- Gunnar Gunnarsson píanó og harmónikka
- Þorgrímur Jónsson bassi
- Hannes Friðbjarnarson slagverk
- Stefán Örn Gunnlaugsson hljómborð, gítar og raddir
- Gísli Magna raddir



Frábærir listamenn koma fram með Guðrúnu undir styrki stjórn tónlistarstjórans Ásgeirs Ásgeirssonar, fyrrverandi bæjarlistamanns Kópavogs.

Bókasafn Kópavogs



Aðalsafn:

Mánudaga til föstudaga
kl. 08:00–18:00

Laugardaga
kl. 11:00–17:00

Lindasafn:

Mánudaga til föstudaga
kl. 13:00–18:00

Laugardaga*
kl. 11:00–15:00

*Lokað á laugardögum frá 1. júní til 31. ágúst



DIGRANESKIRKJA HJALLAKIRKJA


HLJÓÐFALL

Kórstarf verður blómlegt í Digranes- og Hjallakirkju í vetur. Nýstofnaður kór, Hljóðfall, leitar að reynslumiklu söngfólki til að takast á við fjölbreytt og krefjandi kórverkefni.

HLJÓÐPÍSL OG HLJÓÐKÚTAR

Einnig leita barnakórararnir Hljóðpísl og Hljóðkútar áhugasamra og söngelskra barna. Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og skráning fer fram á Abler.

Seinasta mánudag hvers mánaðar frá 17:00 til 18:00 verður svo samsöngur í Digraneskirkju undir stjórn Kristjáns Hrannars, organista. Þangað eru öll velkomin.



HAUSTDAGSKRÁ 2025

SAMFÉLAGIÐ - SAMVERUSTUNDIR FYRIR FULLORÐNA

DIGRANESKIRKJA
ÞRIÐJUDAGA KL. 11:00-14:15

Leikfimi
Matur
Helgistund
Góður gestur
Kaffi

Hefst 2. sept

HJALLAKIRKJA
MÍÐVIKUDAGA KL. 12:00-14:00

Helgistund
Matur
Prjónasamvera

Hefst 3. sept

DIGRANESKIRKJA
FIMMTUDAGA KL. 11:00-12:15

Leikfimi
Bænastund
Hressing

Hefst 4. sept

MESSUR

ALLA SUNNUDAGA

Digraneskirkja kl. 11:00
Hjallakirkja kl. 20:00

ÍÞRÓTTA- OG SUNNUDAGASKÓLI

Digraneskirkja
Sunnudaga Kl. 11

FORELDRAMORGNAR

DIGRANESKIRKJA
FIMMTUDAGA KL. 10:00-11:30

Hefst 4. sept

ÆSKULÝÐSSTARF

HJALLAKIRKJA
MÍÐVIKUDAGA KL. 16:00-17:00

6-9 ára
Skráning á abler

Hefst 10. sept

HJALLAKIRKJA
FIMMTUDAGA KL. 17:00-18:30

10-12 ára -(TTT)
Hefst 11. sept

DIGRANESKIRKJA
FIMMTUDAGA KL. 20:00-21:30

8.-10. bekkur
Hefst 11. sept

KYRRÐARSTUND

HJALLAKIRKJA
ÞRIÐJUDAGA KL. 18:00-18:30

Hefst 2. sept

•••••
AÐSENT

Vaxtarmörk og vextir

Það virðist sem að Samfylkingin hafi gefist upp á baráttunni sinni gegn verðbólgu og vöxtum og ætli að snúa sér núna alfarið að varðstöðunni um núverandi vaxtarmörk svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins ef eitthvað er að marka tíðindi síðustu daga. Verðbólgan hækkar á milli mánaða á sama tíma og ríkisstjórnin mælir fyrir fjárlagafrumvarpi næsta árs þar sem enn eitt Íslandsmetið er slegið í útgjöldum. Í stað þess að viðra áhyggjur sínar af þessum veruleika ákvað fyrrv. borgarstjóri Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson þingmaður Samfylkingarinnar, að skrifa grein í Morgunblaðinu þar sem hann tekur upp hanskann fyrir núverandi vaxtarmörkum um leið og hann gerir að því skóna að Kópavogur hefði

eitt sveitarfélag hafnað stækkun vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins. Þar vísar hann til þess að Kópavogur hefði hafnað skipulagslýsingu Garðabæjar sem fól í sér iðnað upp að sveitarfélagamörkum Kópavogs við Rjúpnahæð. Allir sem kynntu sér þau áform á sínum tíma hefðu getað sagt sér að Kópavogsbær hefði nálgast þá uppbyggingu með eins afdráttarlausum hætti og gert var, óháð öllum vaxtarmörkum.

Vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins voru fest í sessi árið 2015 en núna 10 árum seinna er mannfjöldaspáin sem lá til grundvallar algjörlega brostin og fjölskyldumynstrið hefur jafnframt tekið töluverðum breytingum sem kallar á breytta og meiri íbúðaþörf. Okkur hefur fjölgað 50% hraðar á höfuðborgarsvæðinu en gert var ráð fyrir í forsendum svæðisskipulagsins.

Nýjar forsendur krefjast nýrra ákvarðana

Þótt rökstuðningurinn fyrir vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins hafi – og sé enn – fyrir hendi verður að horfast í augu við það að með

svæðisskipulaginu 2015 var sveitarfélögunum sem eiga aðild að svæðisskipulaginu komið fyrir í spennitreyju. Þrátt fyrir að það sé óumdeilt að okkur hafi fjölgað miklu hraðar en spár gerðu ráð fyrir virðist pólitískur ómöguleiki fólgin í breytingum á vaxtarmörkunum. Ferlarnir eru tímafrekir og allar eðlilegar hugmyndir að útvíkkun vaxtarmarkanna geta strandað á einu þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að skipulaginu þar sem breytingar þurfa að samþykkjast af öllum og fer því hvert og eitt sveitarfélag í reynd með neitunarvald.

Kópavogur tilbúinn til að axla ábyrgð

Ég hef velt því upp hvort það sé ef til vill tímabært að afleggja núverandi vaxtarmörk úr svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins í ljósi ómöguleikans sem þeim fylgir. Það er vert og verðugt markmið að stuðla að þróun byggðar með þeim hætti að fólk geti sótt sem mest sinnar þjónustu innan hverfa, að gera almenningsamgöngur praktískari þannig þær nýst raunverulega fleir-

um og nýta innviði sem best. En við megum ekki missa sjónar á mikilvægasta markmiðinu af þeim öllum – að tryggja fólki þak yfir höfuðið.

Ofuráhersla á þéttingu byggðar er augljóslega ekki til þess fallin að tryggja fólki sem hagkvæmast húsnæði undir sig og sína. Við þurfum að taka til hendinni, vinna eftir raunhæfum áætlunum sem taka mið af þeirri miklu húsnæðisþörf sem fólksfjöldgun síðasta áratuginn hefur í för með sér. Það hjálpar engum að koma yfir sig þaki að lesa um lóðirnar innan núverandi vaxtarmarka sem vissulega telja í Excel-skjölunum en eru svo langt frá því að vera byggingarhæfar.

Kópavogur er tilbúinn að axla þar ábyrgð. Kópavogur hefur bæði viljann og möguleikana til að ráðast í uppbyggingu sem þjónar raunverulegri þörf heimilanna, en við þurfum að losna úr spennitreyju vaxtarmarkanna. Þær hugmyndir falla vel að þeim áskorunum sem blasa við okkar með breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar sem kallar á að tekið verði verulega til hendinni í byggingu húsnæðis fyrir seinni



Andri Steinn Hilmarsson.

æviskeiðin – um leið og það léttir á húsnæði inn í hverfunum þar sem börnin sækja skóla, tómstundir og íþróttir.

Og sennilega það besta. Aukið framboð lóða stuðlar að minni verðbólgu. Þéttingarverkefni eru tímafrek og kostnaðarsöm. Þannig nú er lag að taka saman höndum, festast ekki í einhverjum kreddum og hefjast strax handa við að létta á vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins okkur öllum til heilla. Það er ekki valkostur að standa vörð um óbreytt vaxtarmörk. Það er ávísun á húsnæðisskort, háa verðbólgu og vexti.

•••••
ÁHEITAGANGA

Skátar í Kópum gengu fyrir nýjum tjöldum

Sunnudaginn 21. september var líf og fjör hjá Skátafélaginu Kópum þegar skátar á öllum aldri héldu í áheitagöngu. Í þetta sinn var áheitum safnað fyrir kaupum á nýjum tjöldum handa félaginu. Gömlu tjöldin urðu illa úti í miklum veðrum og vindum



á skátamótum sumarsins, og þörf á að endurnýja búnaðinn fyrir næstu útivistarævintýri skátanna.

Dagurinn hófst eldsnemma fyrir hóp rekkaskáta sem tók á sig stærstu áskorunina: 45 kílómetra göngu frá skátaskálanum Þristi við Esjurætur og niður í skátaheimili Kópa á Digranesvegi. Skátarnir fóru á fætur fyrir sólarupprás og lögðu af stað með léttan bakpoka, nesti og góða skapið.

Gangan tók þau samtals 10 klukkustundir en þau héldu uppi góðri stemmingu sem létti sporin þegar leið á.


Í hádeginu var stoppað í Hleiðru skátaskála við Hafravatn þar sem snætt var pulsupasta í sönnnum skátastíl. Í Hleiðru sameinuðust rekkarnir einnig hópi dróttskáta sem hafði gisti í Hleiðru nóttina áður og gengu síðan 20 kílómetra leið frá

Hafravatni í skátaheimilið. Við Hafravatn bættust líka fleiri skátar í hópinn sem vildu skora á sig í 20 kílómetra göngu.

Við Rauðhóla stækkaði hópurnar aftur þar sem stór gönguhópur yngri skáta í félaginu ásamt fjölskyldum nokkurra bættust við. Það var mikil stemning þegar allir sameinuðust í síðustu 10 kílómetrunum frá Rauðhólum að skátaheimilinu Bakka á Digranesvegi. Við komuna á Bakka voru snæddar kleinur og drukkið heitt kakó, sem yljaði þreyttum göngugörpum eftir smá vætu síðustu kílómetrana. Samtals gekk skátahópurinn tæpa 1000 kílómetra á þessum eina degi.

Í áheitagöngunni tóku skátar í félaginu og aðstandendur þeirra höndum saman til að tryggja að skátaævintýrið í Kópum haldi áfram næstu árin með fyrsta flokks útbúnaði, sem oft er þörf

á í íslenskri veðráttu. Fjölskyldur, vinir og velunnarar félagsins studdu skátana með rausnarlegum áheitum og hefur nú þegar safnast yfir hálf milljón króna. Hver einasta króna fer í að kaupa úrvalstjöld fyrir félagið. Það verður einstaklega gleðilegt að taka tjöldin í notkun næsta sumar þar sem hápunktur starfsársins verður Landsmót skáta á Akureyri sumarið 2026.



Hafðu samband og fáðu tilboð

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ... svo einfalt er það

Við hjá Gluggagerðinni sérhæfum okkur í gluggum og útihurðum. Erum með innlenda framleiðslu og innflutning frá HCTC í Litháen.

Fjölskyldufyrirtæki með gæðaþjónustu í 30 ár

Smíðjuvegur 12, rauð gata, sími: 566 6630, gluggagerdin@gluggagerdin.is, gluggagerdin.is.





Haustdagskrá í Kársnessókn 2025

Guðspjónustur/Messur

Alla sunnudaga í Kópavogskirkju kl.11:00.

Barna- og fjölskylduguðspjónustur daganna: 14/9/25, 12/10/25, 9/11/25 og 30/11/25 kl.11:00.

Sunnudagaskóli

Alla sunnudaga í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11:00 nema þegar það eru barna- og fjölskylduguðspjónustur 14/9/25, 12/10/25, 9/11/25 og 30/11/25 kl.11:00 í kirkjunni.

Fyrirbæna- og kyrrðarstundir

Alla þriðjudaga kl.12:15 í Kópavogskirkju og léttur hádegisverður í safnaðarheimilinu á eftir.

Kór Kópavogskirkju

Kóræfingar á miðvikudagskvöldum (nánari upplýsingar hjá tónlistarstjóra).

Bíblíulestrar – Nánar auglýst síðar hvenær þeir hefjast í haust.

Á miðvikudögum kl. 19:30-20:45 í kapellunni í safnaðarheimilinu. – Auglýst nánar síðar.

Æskulýðsfundir fyrir 8. bekk

Alla fimmtudaga kl. 20:00-21:30 í safnaðarheimilinu.

Kirkjustarf fyrir 1-3 bekk

Alla miðvikudaga kl. 15:30-16:30 í safnaðarheimilinu Borgum. Hefjast 17. september.

Mál dagsins

Alla þriðjudaga kl. 14:30-16:00 í safnaðarheimilinu - Þórunn Björnsdóttir leiðir samsöng, erindi, kaffi, bæn og blessun.

Karlakaffi

Fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 10:30-11:30 í safnaðarheimilinu Borgum (2/9/25, 7/10/25, 4/11/25 og 2/12/25).

Þrjónahópur

Fyrsta og þriðja þriðjudag í mánuði kl. 19:30-21:00 í safnaðarheimilinu.

Hefjast 16/9/25.

**„Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess
að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf.“**

Jóhannesarguðspjall 3:16

Nánari upplýsingar á kopavogskirkja.is, Facebook og Instagram

.....
AÐSENT

Áhættumat á dauðagildruna Fossvogsbú

Þetta er ekki pistill um að það eigi ekki að þvera Fossvog fyrir umferð. Þetta er stuttur pistill um hvað þarf að varast í því verkefni. Ég ólst upp við Fossvoginn og hef siglt þar í meira en 40 ár. Ég veit hvað getur gerst í Fossvogi og horft upp á með eigin augum hvernig náttúran hagar sér á þessum stað. Ég er ekki einn um það og hef rætt þetta mál við marga. Áður en brú verður byggð yfir Fossvog verð ég að benda á nokkur atriði sem staðkunnir hafa verið að reyna að benda á en talað fyrir daufum eyrum. Gera þarf áhættumat á notkun brúarinnar fyrir þá umferð sem á að fara þar um.

Í stuttu máli sagt þá getur orðið bálhvasst þarna í bæði austan- og vestanáttum. Fólk bæði gangandi og hjólandi getur auðveldlega fokið af brúnni, út á haf og aldrei sést aftur. Þyngri ökutæki geta mögulega líka fokið þarna. Barnavagnar, ég get ekki hugsað þá hugsun til enda.

Nú er verið að þrengja mynni Fossvogs með fyllingum sem eiga að tilheyra brú þar yfir. Sú þrenging mun búa til hraðari straum en áður var sem erfitt verður að forðast. Bátar á Fossvogi hvort sem er fyrir innan eða utan brú munu geta sogast undir brúna og ekkert að gert til að forðast örlög sín. Straumur á móti vindöldu myndar auk þess krappar öldur sem auðveldlega fylla báta.

Það þarf að gera bæði vindmælingar og straummælingar á þeim stað sem brúin á að vera. Þessar mælingar þurfa væntanlega að fara fram í



Baldvin Björgvinsson.

eitt ár hið minnsta. Svo þarf að rýna niðurstöður mælinganna og skoða hvað í þeim felst. Það er hægt að þvera Fossvog með ýmsum aðferðum og það er ekki skynsamlegt að hlusta ekki á þær fjölmörgu viðvaranir sem ég veit að borist hafa í ferlinu undanfarin ár.

Þar að auki er Fossvogur, að minnsta kosti ennþá, einn besti staður á landinu til að kenna og stunda siglingar, róður, sjósund og fleira. Innst í Fossvogi er strandlínan friðuð en það er efni í annan pistil. Það er að minnsta kosti ekki skynsamlegt að þvera Fossvog með dauðagildru. Gerum þetta almennilega.

.....
UMHVERFIÐ

Sigvaldahús, fallegir garðar og endurnýjað atvinnuhúsnæði fá umhverfisviðurkenningu



Handhafar viðurkenninga ásamt bæjarstjóra og fulltrúum úr umhverfis- og skipulagsráði.

Umhverfisviðurkenningar skipulags- og umhverfisráðs voru veittar þriðjudaginn 16. september. Að þessu sinni voru sex viðurkenningar veittar í flokkunum umhirða húss og lóðar, endurgerð húsnæðis og endurgerð atvinnuhúsnæðis.

Arkís Arkitektar hlutu viðurkenningu fyrir endurgerð atvinnuhúsnæðis sem upphaflega var reist fyrir trésmiðjuna Ask og teiknað af Herði Harðarsyni. Þá hljóta viðurkenningu fyrir endurgerð húsnæðis eigendur Hrauntungu 77, Jóhann Gunnar Stefánsson og Sigrún Dóra

Jónsdóttir, og eigendur Fífuhvamms 7, Ingimar Guðjón Bjarnason og Sólveig Friða Jóhannsdóttir. Bæði þessi hús eru teiknuð af Sigvalda Thordarsyni.

Eigendur þriggja húsa fengu viðurkenningu fyrir umhirðu húss og lóðar og eiga þau sameiginlegt að hafa hlúd að umhverfi húsa sinna og gördum af stakri þrýði. Þetta eru Hrunn Kristjánsdóttir og Ágúst Jenson, Asparhvarfi 2, Hanna Sveinrún Ásvaldsdóttir og Gunnlaugur Jens Helgason, Kársnesbraut 41 og María Sigurðardóttir Norðdahl og Helgi Benediktsson, Skjólbraut 14.

„Það er til fyrirmyndar hversu marg-

ir hugsa vel um umhverfi sitt, hús og garða. Þetta hefur áhrif og eykur lífsgæði íbúa,“ sagði Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri við tækifærið.

Umhverfisviðurkenningar Kópavogsbæjar hafa verið veittar frá árinu 1964.

Það voru Hjördís Ýr Johnson, formaður skipulags- og umhverfisráðs og Leó Snær Pétursson sem situr í skipulags- og umhverfisráði sem afhentu viðurkenningarnar. Að athöfn lokinni var farin skoðunarferð til þeirra sem hlutu viðurkenningu í ár.

VIÐ ERUM Á SMÍÐJUVEGI

Þjónusta fyrir alla Kópavogsbúa – Verslum í heimabyggð



Sótt tilboð



6.390 kr.

15" pizza af matseðli og 15" margarita eða hvítlauksbrauð

6.490 kr.



2.990 kr.



Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum

5.590 kr.



6.390 kr.



12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.



Pantaðu á netinu
castello.is
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13

Hádegistilboð


2.490 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



2.290 kr.



9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

GÓÐ ÞJÓNUSTA

í Kópavogi



GLUGGAVINIR

Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur
Sími: 571 0888, www.gluggavinir.is



Arion banki



B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m, Kópavogi
www.bilarogtjon.is



BÍLRÚÐAN
Smiðjuvegi 14, Græn gata,
200 Kópavogi
www.bilrudan.is
S: 552 5755



CAR-MED
bilaverkstæði
Dalvegi 24, 201 Kópavogur
S: 571 7030, www.car-med.is



BÍLRÚÐU MEISTARINN
Vinnum fyrir öll tryggingafélög
Dalvegi 18, 201 Kópavogur
S: 5711133

Flutningsþjónusta
Mikaels

Flytjum það sem þú vilt flytja
Kársnesbraut 87, 200 Kópavogur
S: 894 4560, www.flytja.is



REYKOFNINN EHF.
Smiðjuvegi 14 (bleik gata),
s: 557 2122,
info@reykofninn.com,
reykofninn.is

Draumarnir byrja í eldhúsinu

Nýtt

VARDAGEN
pottur með loki, 5 l

11.990,-

Verslun opin 11-20 alla daga - [IKEA.is](https://www.IKEA.is)

